




Skipulags- og byggingarfulltrúi
Gaukur Hjartarsson
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 20. apríl 2021

Efni: Kynning skipulags- og matslýsingar vegna deiliskipulags athafnasvæðis A2 á Höfða á Húsavík.

Miklar breytingar hafa orðið á svæðinu vegna gerðar nýs tengivegar frá hafnarsvæði upp á Höfða og með jarðgöngum undir Húsavíkurhöfða. Með því breyttust lóðir fremst á Höfðanum. Einnig hefur iðnfyrirtæki sem staðsett er á Höfðanum óskað eftir stærri lóð fyrir sína starfsemi og því orðið mikilvægt að endurskipuleggja svæðið. Markmið deiliskipulagsins er því að endurskilgreina lóðarmörk og skilgreina tvær nýjar lóðir syðst á skipulagssvæðinu.

HNE gerir ekki athugasemdir við ofangreindar áætlanir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllst

Jóhannes H Hauksson
heilbrigðisfulltrúi.



Skipulags- og byggingarfulltrúi
Gaukur Hjartarsson
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Húsavík, 20. apríl 2021


Efni: Tillaga að deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði 7, Útgarður og Pálsgarður á Húsavík

Sveitarstjórn Norðurþings samþykkti á fundi sínum þann 16. mars s.l. að auglýsa til almennrar kynningar tillögu að deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði 7, Útgarð og Pálsgarð á Húsavík. Tillaga að deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði 7 nær yfir byggingarsvæði í miðbæ Húsavíkur sem afmarkast af Ketilsbraut í vestri, Útgarði í norðri og Pálsgarði í austri og suðri. Eldra deiliskipulag fyrir lóðina Útgarð 4-8 mun falla undir skipulagssvæði þessa nýja skipulags. Stefnt er að frekari uppbyggingu íbúða á svæðinu og því þörf á að vinna heildarskipulag fyrir svæðið.

Markmið: deiliskipulagsins er að skilgreina lóðir og byggingarmagn á svæðinu auk þess að gera grein fyrir staðsetningu göngustíga, tengingu þeirra við núverandi gangstígakerfi.

Svæðið er staðsett norðan við miðbæjarkjarnann á Húsavík. Á reitnum er nú þegar búið að deiliskipuleggja lóð fyrir fjölbýlishús fyrir íbúa sem eru 55 ára og eldri sem hefur verið byggt að hluta, einnig er á svæðinu heimili fyrir fatlaða sem er innan þess reits sem nú verður skipulagður. Svæðið er tengt við gangstígakerfi bæjarins en þó er þörf á að skilgreina betur bílastæði, gróður og sameiginleg svæði íbúða í samræmi við markmið aðalskipulags fyrir svæðið.

HNE gerir ekki athugasemdir við ofangreindar áætlanir, en leggur áherslu á að fyrirhugaðar byggingar falli vel að nærumhverfi sínu og að góðar tengingar verði við nálæg útvistarsvæði.

Virðingarfyllst

Jóhannes H. Hauksson
heilbrigðisfulltrúi.